

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalhrepps, Laxárdalhrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 18. janúar 1994 staðfest sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalhrepps, Laxárdalhrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. janúar 1994.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

### um innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu vegna febrúar til og með desember 1994.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1988 og 26. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu vegna febrúar til og með desember 1994 verið ákveðið 8,69%.

*Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1994.*

F. h. r.  
**Snorri Olsen.**

*Ástráður Karl Guðmundsson.*